

Ritstjórnarsími nr. 500

Ritstjóri: Vilhjálmur Finsen.

Ísafoldarprentsmiðja

Afgreiðslusími nr. 499

BIO Reykjavíkur
Biograph-Theater
Talsími 475. BIO

Nýtt
prógram
í kvöld.

K. F. U. M.

Biblullestur í kvöld kl. 8¹/₂

Allir ungir menn velkomnir.

Tilsögn í Pianospili

(Prof. Bendix Methode)
veitir

Fríða Magnússon,

Ingólfsstræti 9. Sími 85.

Hér með tilkynnist vinum og vanda-
mönnum að okkar hjartkæri sonur og
bróðir, Otto Kr. Guðm. Jónsson, and-
aðist á Landakotsspítala 15. þ. m.
Aðstandendur hins látna.



Record

skilvindan, sænska, er vanda-
minst í meðförum, og end-
ingarbezt. Skilur 125 litra
á klukkustund, og kostar
að eins kr. 65,00. Fæst
hjá kaupmönnum.

Ellams Duplicators (margfaldarar)
fyrir hand- og
vélritun, svo og allar tegundir
af farfaböndum og öðru til-
heyrandi ritvélum, ávalt fyrir-
liggjandi hjá

Umboðsm. fyrir Ísland,

G. Eiríkss,

Reykjavík.

„Hindenburg“.

Þ. 2. ágúst hleyptu Þjóðverjar af
stokkunum vígdreka einum miklum
í Wilhelmshafen. Var hann látinn
heita í höfuðið á Hindenburg.

Með Pollux komu

100,000 bréfumslög

Ávalt mikið fyrirleggjandi af

blýöntum, pennum, skrifpappír, bleki
og ýmsum skrifáhöldum.

J. Aall-Hansen.

Málverkasýning

Kristínar Jónsdóttur og Guðm. Thorsteinssons

verður opnuð sunnudaginn 15. ágúst, í Barnaskólanum
(gengið inn um norðurdyrnar).

Sýningin er opin frá kl. 11--6.

Inngangur 50 aurar.

T. Bjarnason
umboðsverzlun,

Sími 513.

Templarasundi 3.

Sími 513.

hefir fyrirleggjandi:

Fiskibollur, Sardinur, reyktá Sild,
Ansjósur,

Umbúðapappír, Chocolate, ýmsar teg.

Chairman
Vice Chair
Three Castles
Capstan
Flag
Louisville
Needle Point

CIGARETTUR

o. fl., o. fl.

Að eins til kaupmanna og kauptéлага.

EVA BLUTT

frá Kristjáníu

talar í B Á R U B Ú Ð næstkomandi

miðvikudag, fimtudag og föstudag kl. 9 síðdegis.

Efni:

1. Guðspekin og Guðspekistélagið.
2. Guðspekin og trúarbrögðin.
3. Guðspekin og heimsófridurinn.

Aðgangur ókeypis. - Allir velkomnir.

NÝJA BÍÓ

Svíkið
eða ósvíkið?

Gamanleikur í 2 þáttum leikinn af
ágætum leikurum.

Þessi leikur er svo skemtilegur að
hann á engan sinn líka. Það er al-
veg sama hvern smekk menn hafa á
kvikmyndum yfirleitt — allir hljóta
að hafa gaman að þessari mynd.

Gigtlækningastofan
í Lækjargötu 6.

Læknirinn segir frá.

Jón læknir Kristjánsson sækir um
styrk til alþingis til þess að halda
uppi gigtlækningastofu hér í Reykja-
vík með samskonar tækjum, og
nú eru notuð erlendis á nýttísku
gigtarlækningastofum. Hefir hann
stundað framhaldsnám erlendis í
þessu efni, eftir að hann lauk prófi
hér við Háskólann.

— Fjárlaganefnd játar það í nefnd-
aráliti sínu, að hin mesta þörf sé á
þessum fyrirhuguðu lækningum Jóns,
en kveðst þó ekki geta lagt til, að
Jóni verði veittur hinn umbeðni
styrkur, 1000 kr. á ári. En nefndin
stingur upp á, að létt sé undir með
stofnkostnaðinn með helmings fram-
lagi úr landssjóði alt að 3500 kr.,
og mun líklegast, að það verði sam-
þykkt í þinginu.

— Oss þótti fróðlegt að forvitn-
ast um hver þessi nýju áhöld væru,
sem Jón ætlar að lækna gigt sjúka
menn með, og fórum því í gær og
börðum að dyrum á biðstofu hans í
Lækjargötu. Sátu þar sjúklingar og
biðu eftir að komast að og virðist
það benda á, að fjárlaganefnd hefir
rétt fyrir sér, er hún kveður þörf-
ina vera mikla. Hér er nær þriðji
hver maður, sem kominn er yfir
fimmtugt, gigt sjúkur, en vafalaust geta
margir þeirra fengið bót meina sinna,
ef til lækninganna eru notuð þau
beztu áhöld, sem til eru á því
sviði.

— Vér bárum fram erindi vort
fyrir lækninum, sem þegar var fús
til þess að sýna oss lækningastof-
urnar.

— Hér er alt gert með rafmagni,
segir Jón, en það var ekki ómaks-
laust að fá strauminn. Höfuðstaður-
inn er, eins og þér vitið manna
bezt, alger «gasbær» og rafmagn er
fyrirboðið nema einstaka mönnum.
Nú, eg ætla ekki að kvarta, eg er
einn af þeim fáu, sem hefi leyfi til
þess að nota þetta undra-af, enda
eru gigtlækningar óhugsandi nema

með rafmagni. Strauminn fékk eg frá afstöð hins nýja pósthúss. —

Það fyrsta sem gefur að líta þegar maður kemur inn í aðra lækningastofuna, eru 4 postulínsker, sem standa í misjafni hæð, tvö og tvö saman. Milli þeirra er stóll og eru kerin ætluð fyrir handleggi og fætur hinna sjúku. Í þessum kerum er vatn og þangað veitir Jón rafmagnsstraumi, eftir vissum reglum auðvitað, sem oflangt yrði að skýra frá hér, enda ilt viðreignar fyrir leikmenn. Í herberginu eru legubekkir, stólar og leikfimisborð og ótal smá rafmagnsvélar, sem Jón stýrir með mikilli nákvæmni. Þá eru þar og kassar til lækninga með heitu lofti. Er loftið í þeim hitað með rafmagni — allt að 100 stigum.

— Öll þessi tæki eru af nýjustu gerð, segir Jón. Hér eru ljósböð, rafmagnsböð, »massage«-böð, saltböð, kolsýruböð, furunalaböð, sjúkraleikfimi, nuddlækningar o. fl. Áhöldin eru ekki eingöngu til þess að lækna gigt, heldur og hjartasjúkdóma og taugaveiklun. —

Í hinna lækningastofunni eru áhöldin fyrir sjálf böðin, vatnsböð og ljósböð. En frágangur allur er þar hinn sami, sem í aðalstofunni — hinn þryðilegasti.

Sjúklingarnir biða í biðstofunni og vér finnum eigi ástæðu til þess að tefja Jón lengur frá rafmagnsvélunum.

Carol.

Myndasýningu

hafa þau Kristín Jónsdóttir og Guðm. Thorsteinsson í Barnaskólahúsinu þessa dagana. Er þar margt að sjá og gaman þangað að koma.

Það eru flest landlagsmyndir, sem Kristín sýnir og eru margar þeirra fallegar; sérstaklega margar myndirnar frá Akureyri: »Skip við bryggjuna«, »Fjaran«, Leiran« o. s. frv. Aftur eru aðrar með ærið sterkum litum og njóta sin hvergi nærri í svo litlu herbergi, sem þarna er. Ein mynd er þarna sérlega falleg, »Tulipánar«, en er sett á óheppilegan stað, svo hennar gætir varla. Annars eru flestar myndirnar frá Norðurlandi — Mývatnssveit og Eyjafirði.

Guðm. sýnir fleiri myndir og fjölbreytilegri. Hann málar alt sem fyrir augað ber. Þó það sé ekki annað en anddyri á húsi, þá tekst honum að gera úr því hina snotrustu mynd. Sérstaklega er gaman að myndum þeim, sem hann hefir málað eða teiknað eftir gömlum þjóðsögum. — En það er svo margt þarna að sjá, að því verður ekki lýst í stuttri grein. Leiðinlegast er það, að birtan er ekki heppileg — myndirnar njóta sín ekki eins og þær eiga skilið.

Saltvinslufélagið stofnað.

Viðtal við Pál Torfason.

Það vakti töluverða eftirtekt þegar Páll Torfason sótti um einkaleyfi til þingsins til þess að vinna hér salt. Leyfið fékk hann, en það voru ekki margir sem hugðu, að það fyrir-tæki mundi nokkurn tíma komast á laggirnar — minsta kosti ekki í brád.

Páll fór utan litlu síðar, ófriðurinn hófst og menn heyrdu lítið um framkvæmdir Páls í þessu saltmáli.

Farþegi á Pollux hingað um daginn var Páll Torfason. Kom hann þá hingað sem formaður í stjórn hins nýja félags, sem ætlar að taka að sér að vinna salt í svo ríkum mæli, að eigi þurfi framfarir að sækja þá vöru til útlanda.

Vér áttum viðtal við Pál í gær. Báðum vér hann segja frá hinu nýstofnaða félagi.

— Félagið heitir á dönsku »Islands Salt og kemiske Fabrikk«, en á íslensku hefir því ekki enn verið gefið nafn. Hlutfé þess er 2¹/₂ milljón krónur og eru það flest danskir auðmenn sem eiga hlutina. Eg er sjálfur formaður í stjórninni, það er að segja millibilsstjórninni, því hin endanlega stjórn hefir ekki enn verið fullmynduð. Framkvæmdarstjóri félagsins er danskur maður, Lütken að nafni, og á hann sjálfur marga hluti í félaginu. Félagið verður skrásett hér, aðalskrifstofa þess verður í Reykjavík, og þegar því hefir öllu verið komið í kring, mun stjórnin verða skipuð.

— Hvað ætlið þið svo að gera? spurjum vér.

— Þá er í ráði að sérfræðingur ferðist hér um landið, um þau svæði, sem helst geta komið til greina. Hann mun gefa skýrslu til stjórnar félagsins, en sérfræðingar ráð mun verða látið skera úr því, hvar taka eigi fyrst til starfa. Ef alt gengur vel, sem vér vonum, mun sjálf verksmiðjan taka til starfa að hausti næsta ár, 1916.

Næsta vor verður sendur hingað verkfræðingur, til þess að bora og rannsaka nánar þann stað, sem ákveðinn hefir verið aðalbeiðistöð félagsins fyrst í stað. Verkfæri eru þegar keypt og ekkert það ætti að geta komið fyrir, sem hindraði að úr þessum framkvæmdum verði.

— Hvað gerið þér ráð fyrir að framleiða mikið salt?

— Minsta kosti alt það salt, sem Íslendingar þarfnast, en það er talið í verzlunarskýrslunum 50 þús. smálestir. Verð þess mun nú vera um 2¹/₂ milljón krónur, en við kaup á íslensku salti mun landinu sparast alt að einni milljón kr. í beinan hagnað.

— En þar að auki er ætlun vor að vinna hér olíu úr surtarbandi, en nota aftur tjöruna og koksíð til þess að búa til kol — »briketter« — sem það er nefnt erlendis.

Hér er með mér danskur námuverkfræðingur, Lütken að nafni, bróðir framkvæmdarstjórans. Hann er að kynna sér staðhættu hér og ætlar að ferðast hér dálítið um landið. Hann hefir dvalið allmörg ár í Kongo í þjónustu Kongofélagsins og hefir stjórnað fyrir það félag mörgum leiðangrum í Kongo.

Fleiri upplýsingar kvest Páll Torfason ekki geta gefið um þetta milljónafyrirtæki. Vér óskum honum til hamingju.

Carol.

DAGBÖKIN.

Afmæli í dag:

Asdís Jónsdóttir, húsrú.
Áslaug Guðmundsdóttir, jungfrú.
Guðrún Eyrvindsdóttir, húsrú.
Árni Zakariasson, verkstj.
Astráður Hannesson, afgrm.
Guðm. Þorsteinsson, trésm.
Júlíus Halldórsson, lækni.
Knud Zimsen, borgarstjóri.
Sig Gunnlaugsson, bakari.
Jón Finnsson, pr. Hofi.
f. Jón bóka. Arnason.

Þjóðmenjasafnið opið kl. 12—2.

Sólarupprás kl. 4.24 f. h.
Sólarlag — 8.37 síð.

Háflós í dag kl. 9.23 árd.
og — 9.54 síð.

Veðrið í gær:

Vm. logn, hiti 8.6.
Rv. logn, hiti 11.3.
Íf. logn, hiti 8.5.
Ak. logn, hiti 8.0.
Gr. s. andvari, hiti 14.0.
Sf. logn, hiti 5.1.
Ph. F. a. kul, hiti 9.2.

Póstvagn fer til Egissáðu í dag og austanpóstur til Víkur.

Ingólfur fer til Borgarness á morgun að sækja norðan og vestanpóst.

Eldhúsdagurinn í þinginu í gær var þó nokkuð fjörugur. Mikið um ræður og töluvert um hnútuköst.

Garðar Gíslason stórkaupmaður og frú hans og konsúll Klingenberg og frú, fóru til Akureyrar á Pollux.

Ísafold fór í hringferð í gær. Nokkrir farþegar fóru með skipinu.

Botnia kom til Vestmannaeyja í gær kl. 5. Meðal farþega er Jensen-Bjerg kaupmaður.

Gullfoss fór í gær til Hafnarfjarðar og Vestfjarða.

Gangverð sterlingspunda. Merkilegt er það, að gangverð sterlingspd. í Íslandsbanka, er nú kr. 18.60, en pósthjórnin tekur kr. 18.70. Hvernig stendur á þessu?

Frá alþingi

Netndarálit

um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Nefndin var á því máli, að ákvæðin um viðhald á vegum ætti nú eigi lengur við og þyrfti að gera nýja skipun á. Ýmsar skoðanir komu fram í nefndinni um það, hversu haga mætti viðhaldinu:

I. Óréttlátt er að þeir landshlutar beri jafnan vegakostnað sem aðrir, er engra vega njóta. Það yrði því rangt að láta landssjóð halda vegunum við að öllu leyti. Á hitt er að líta, að akfærir vegir eru nálega alstaðar einhvers verð samgöngubót og á ýmsum stöðum mikilsverð, því er rétt, að þau héruð gjaldi nokkuð fyrir, er slíkra vega njóta. Væri því hentast að landssjóður annaðist einn allar póstleiðir, þar sem ekki eru nema reiðgötur, en héruðin gjaldi vegartoll í landssjóð, þar sem akvegir eru, og haldi landssjóður síðan vegunum við. Vegartoll þenna yrði að ákveða eftir ástæðum, hæstan þar sem akvegurinn er mest héraðsvegur, (t. d. brautin frá Haugum að Kláffossi í Borgarfirði) en minst almenn umferð um, lægstan þar sem akvegurinn er þjóðvegur og póstleið. Ætti þá að skifta vegunum í tvo flokka, reiðvegi á póstleið og akvegi. Aðrir vegir væri landssjóði óviðkomandi, og léti vegalögin reiðgötur í hreppum og sýslum afskiftalausar, þar sem ekki eru póstleiðir. Hins vegar er ástæðulaust að gera mun á póstum og aukapóstum og þeirra leiðum.

II. Héruð ætti að kosta nýja vegi á móts við landssjóð, t. d. að hálfu, en síðan ætti landssjóður að halda þeim við. Telja þeir, sem þessu fylgja, það unnið, að héruð muni ekki krefja dýrra vega, nema þar sem nauðsyn er á.

III. Landssjóður skal gera vegina, en til viðhalds skulu þeir flokkaðir í þrenni og hvíli viðhaldið á landssjóði og héruðunum. Viðhaldsskyldu héraðanna skal ákveða eftir því, hversu almenn eða einstakleg afnotin eru, svipað því, sem segir í I.

Þessara ýmsu skoðana er hér getið til leiðbeiningar.

En hverja af þessum stefnum, sem menn vildu aðhyllast, þá verður sýslum þörf á vegafám, og telur nefndin rétt að löggjöfin léti gjaldstofna handa þeim, til þess að standast þenna kostnað. Væri ef til vill ástæða til að rannsaka, hvernig sýslusjóðir geti fengið tekjur með öruggum og þó sanngjörnum hætti. Nefndin telur því annan lið tillögunnar réttan.

En auk þess, er nú var nefnt, telur nefndin nauðsyn á að rannsaka vegagerðina sjálfa. Þykir henni því rétt að láta landsverkfræðinginn gera skýrslu um dýrleika og haldgæði vega með ýmsum gerðum, svo